



**Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur**

Umsögn um tillögu um aðgengi borgarfulltrúa að ársreikningi Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs hinn 27. apríl sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina:

„Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina leggja til að vinnulagi meirihlutans varðandi aðgengi borgarfulltrúa að ársreikningi borgarinnar verði breytt þannig að allir borgarfulltrúar fái ársreikning á lykli á sama tíma en ekki einungis borgarráðsfulltrúar sem hafa lögbundið hlutverk varðandi afgreiðslu ársreiknings til ytri endurskoðunar. Núverandi vinnulag þýðir að helmingur borgarfulltrúa hefur ekki tækifæri til að rýna ársreikninginn og undirbúa sig með sama hætti og fulltrúar í borgarráði.“

Samkvæmt samþykkt endurskoðunarnefndar skal hún hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu. Ofangreind tillaga kemur inn á svið áhættustýringar og innra eftirlits og fellur því innan starfssviðs nefndarinnar.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum sér borgarráð um að ársreikningar Reykjavíkurborgar séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir borgarstjórn til meðferðar og afgreiðslu. Skal ársreikningurinn fullgerður og samþykktur af borgarráði og tilbúinn til endurskoðunar fyrir 15. apríl ár hvert. Borgarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings Reykjavíkurborgar, stofnana og fyrirtækja hennar eigi síðar en 15. maí ár hvert. Borgarráð er í hlutverki framkvæmdastjórnar sveitarfélags sem ber ábyrgð á gerð ársreiknings. Borgarstjórn ber síðan að fjalla um og samþykkja ársreikning að lokinni endurskoðun. Ársreikningur getur tekið breytingum allt þar til hann er samþykktur af borgarstjórn.

Reykjavíkurborg hefur skráð verðbréf á skipulegum tilboðsmarkaði (kauphöll) og fylgja því ákveðnar lagalegar kvaðir, m.a. varðandi sv.k. innherjaupplýsingar, sbr. XIII. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Innherjaupplýsingar eru taldar nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint fjármálgerningana sjálfa (í tilviki Reykjavíkurborgar útgefin skuldbréf) eða önnur atriði enda séu upplýsingarnar líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Ársreikningur Reykjavíkurborgar fellur undir það að geyma innherjaupplýsingar þar til uppgjör hefur verið birt og þeir sem fá aðgang að reikningnum fyrir birtingu eru með stöðu innherja. Þeim sem búa yfir innherjaupplýsingum, er að meginreglu óheimilt að láta þær öðrum í té.

Það er mat endurskoðunarnefndar út frá ofangreindum lagaskyldum Reykjavíkurborgar að það verklag sem nú er viðhaft og lýst er í umsögn fjármálaskrifstofu um umrædda tillögu sé viðeigandi og við hæfi miðað við þær skyldur sem lagðar eru á borgarráð annars vegar og borgarstjórn hins vegar. Núverandi verklag er þannig í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þeirra aðila sem um ársreikninginn fjalla á hverju stigi vinnslu hans.

Virðingarfyllt

Ólafur Kristinnsson,
formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar